



Umsókn fyrir landsdekkandi UHF dreifingu

Kæri viðtakandi.

Dagsetning: 19.02.2018

Efni: Fjarskipti hf óskar eftir umsóknum fyrir tímabundna landsdekkandi UHF dreifingu.

Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt tillögu Fjarskipta hf um tímabundið samþykki fyrir UHF dreifingu til minni sjónvarpsstöðva á meðan unnið er að árlegu verklagi sem mun verða viðhaft fyrir umrædda þjónustu.

Þær sjónvarpstöðvar sem eru nú þegar að afhenda dagskráefni til dreifingar fyrir IPTV hjá Vodafone munu ekki þurfa að leggja til flutningssamband eða annað til að virkja dreifingu yfir UHF kerfið.

Lágmarksboð mánaðargjalds er samkvæmt neðangreindum upphæðum til 1. ágúst 2018

Dreifing í ólæstri dagskrá inn á myndlykil.	Mánaðargjald kr. 240.000,- án vsk.
Dreifing í opinni dagskrá án myndlykils.	Mánaðargjald kr. 735.000,- án vsk.

- A. Fyrsta rásin af þremur er samningsbundinn til 1. ágúst 2018
- B. Önnur rásin af þremur er samningsbundinn til 1. ágúst 2018
- C. Þriðja rásin verður tilbúin til afhendingar frá og með 1. mars til 1. ágúst 2018

Umsókn fyrir ofangreint tímabil skal sent á heildsala@heildsala.is merkt „Tímabundin umsókn fyrir UHF“. Heildsala Vodafone svarar fyrir nánari upplýsingar um dreifikerfið og annað er fellur að umsókninni.

Virðingarfyllst.
Kjartan Briem, Framkvæmdastjóri Tæknisviðs

Árleg úthlutun til minni sjónvarpsstöðva

Samkvæmt sátt Fjarskipta hf og Samkeppniseftirlits þann 09.10.2017 er veitt vilyrði fyrir allt að þrjár UHF rásir og af þeim er möguleiki fyrir einni rás í opinni dreifingu án bindingu við myndlykil, svo kallað Free to Air þjónusta.

Framlag Fjarskipta hf er ætlað fyrir minni sjónvarpsarpstöðvar sem standa í eigin dagskrágerð með innlendu fréttá- og menningarefni. Með minni sjónvarpsstöð er átt við ljósvakamiðil sem er með ársveltu undir kr. 500.000.000,- m.vsk. á ári, ein og sér eða á samstæðugrundvelli, eftir því sem við á.

Í apríl ár hvert fram fram umsóknarferli vegna úthlutunar sjónvarpsrása frá og með 1.ágúst ár hvert, sem gildir 12 mánuði í senn. Umsækjendur sækja um dreifingu með skriflegri umsókn á bilinu 1.-30.apríl (skal móttekin í síðasta lagi 30.apríl).

Umsækjendur skulu bjóða í dreifinguna og er lágmarksboð neðangreint verð, öll boð verða opnuð samtímis við tímasetta athöfn þar sem umsækjendur geta verið viðstaddir, og verður hæstu boðum tekið, og gerður staðlaður dreifingarsamningur við viðkomandi aðila á grundvelli útboðs.

Á bilinu 1.-10.maí skal Fjarskipti hf úthluta rásunum til umsækjanda sem buðu hæsta verðið. Kaupanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur dreifingarsamnings á grundvelli ofangreindrar úthlutunar án skriflegs samþykkis. Kaupandi þarf að uppfylla eðlilegar og sanngjarnar kröfur Fjarskipta hf, t.d. er varðar greiðslur og vanefndir.

- A) Lágmarksboð fyrir 99% dreifingu í ólæstri dagskrá inn á myndlykil. Mánaðargjald kr. 240.000,- án vsk.
- B) Lágmarksboð fyrir 99% dreifingu í opinni dagskrá án myndlykils. Mánaðargjald kr. 735.000,- án vsk.